Dalabyggð

# Byggingarnefnd íþróttamannvirkja í Búðardal

## Fundargerð 10. fundar

Fundur haldinn í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal þriðjudaginn 6. september kl. 16:00

Mættir: Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Einar Jón Geirsson, Ingibjörg Þóranna Steinudóttir, Jón Egill Jónsson, Guðlaug Kristinsdóttir og Björn Bjarki Þorsteinsson.

Auk þess sátu Kristján Ingi Arnarsson og Pálmi Jóhannsson fundinn.

Dagskrá:

1. **Staða mála**

   Farið yfir stöðu mála og hvað hafi gerst frá síðasta fundi nefndarinnar.
   Komin eru frumgögn frá Límtré Vírnet varðandi íþróttasal og hliðarbyggingu en beðið er gagna frá Á. Óskarssyni varðandi sundlaug, heita potta og gólf í íþróttasal.

2. **Næstu skref**

   Samþykkt að fela sveitarstjóra að kanna hvað sveitarfélagið má gera út frá lagalegu tilliti hvað varðar innkaupareglur í ferli málsins. Áhugi er á því af hálfu byggingarnefndar að skoða hvort megi ganga til samninga við ákveðna aðila um einstaka verkþætti ef það samræmist þeim reglum sem sveitarfélaginu er gert að vinna samkvæmt.

   Kristján Ingi ræddi samskipti við arkitekta, Alark. Samþykkt að upplýsa þá um stöðu mála og mun Kristján Ingi sjá um samskipti við þá og einnig að ræða við Verkís.

   Ákveðið að boða til næsta fundar þegar álit lögfræðings liggur fyrir.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00

Fundargerð ritaði Björn Bjarki Þorsteinsson

Einar Jón Geirsson
Skúli Hreinn Guðbjörnsson
Ingibjörg Þ. Steinudóttir
Pálmi Jóhannsson
Jón Egill Jónsson
Guðlaug Kristinsd.
Björn Bjarki Þorsteinsson